Brjef landshöfðingja *til beggja amtmanna* **um skýrslur um laxveiði og selveiði.** — Með því að neðri deild alþingir hefur samþykkt á síðasta þingi að skora á landshöfðingjann, að útvega fyrir næsta þing skýrslur um laxveiði og selveiði um land allt og álit um það, hver líkindi sjeu til þess, að laxveiði vaxi eða komi upp, ef sel væri eytt, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir sýslumenn þá, sem þjer eruð skipaður yfir, að útvega skýrslur þær og álit, sem neðri deild alþingis þannig hefur beiðst eptir, og að senda yður það svo tímanlega, að þjer getið komið því til mín fyrir næsta alþingi. 161 28. des.

Sýslumaðurinn í Skaptafellssýslum 162

Kunngjörir: Samkvæmt fyrirmælum laga nr. 18. 22. maí 1890, 6. gr. hefur sýslunefndin í Vestur-Skaptafellssýslu gjört svo hljóðandi

Samþykkt

um lækning hunda af bandormum o. fl. í Vestur-Skaptafellssýslu.

1. gr.

Í hverjum hreppi sýslunnar skulu kosnir af sýslunefnd 2—3 menn til að annast um lækningar hunda af bandormum.

2. gr.

Lækning allra hunda í sýslunni fer fram tvisvar á ári, í maímánuði og í nóvembermánuði. Á hvaða degi og hvar lækningin fer fram í hverjum hreppi ákveða lækningamenn fyrirfram og tilkynna hlutaðeigendum. Skylt er eigendum hundanna að flytja þá á lækningastaðinn.

3. gr.

Heimilt er lækningamönnum að skipta hreppnum í svo margar deildir, sem þörf er á, er hver hafi sinn lækningamann úr þeirra hóp og sinn lækningastað.

4. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn hæfilegan skamt af arekadupti eða kamala, og skulu lækningamenn, að því er snertir inngjöfina og meðferð á hundunum á undan inngjöfinni og á meðan meðalið er að verka, haga sjer nákvæmlega eptir fyrirsögn þeirri um inngjöf meðalanna, sem látin verður fylgja samþykkt þessari[1].

---

1) **Inngjöf meðalanna.**

Hundarnir skulu lokaðir inni í úthýsi, þó eigi í heyhlöðum nje fjárhúsum. Af kamala er hverjum hundi gefið inn allt að $^1/_2$ lóði, úthrært í vatni eða mjólk, tvisvar með 12 tíma millibili. Þann tíma mega hundarnir einkis neyta. Sje arekadupt við haft, á að loka hundinn inni í sólarhring, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan; síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu út í graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfa klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á ein-